

Viðauki VII (a) Forsnið grunnsamnings

Samningur um verkefni Brothættra byggða í *landshluta eða sveitarfélagi*

Samningur þessi byggir á Byggðaáætlun 2014-2017 en þar segir í 2. lið:

2. SÉRTÆKAR AÐGERÐIR Á VARNARSVÆÐUM

2.1. Brothætt byggðarlög.

Markmið: Stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.

Aðgerðir:

a. Á tímabilinu 2014–2017 haldi Byggðastofnun áfram með verkefnið til stuðnings brothættum byggðum.

b. Auknu fé verði varið til sértækra aðgerða sem byggist á niðurstöðu verkefnisins.

Ábyrgð: Byggðastofnun í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Kostnaður: Kostnaður við verkefnið *Brothættar byggðir* er áætlaður 50 millj. kr. á ári á tímabilinu 2014–2017. Gert er ráð fyrir því að sú upphæð verði einnig nýtt til að fjármagna verkefni um stöðu og framtíð íslenskra landbúnaðarsamfélaga. Sérstakar fjárveitingar gætu komið til vegna einstakra aðgerða sem samstaða verður um að ráðast í.

Samningurinn byggir enn fremur á úthlutun fjármuna til verkefnisins Brothættra byggða í fjárlögum fyrir árið 2014, svo og úthlutun fjármuna til þess í fjárlögum fyrir árin 2015-2017.

1. gr. Samningsaðilar

Byggðastofnun, kt. 450679-0389, með vísan til ofangreindra heimilda, *sveitarfélag (ef um það er að ræða)*, kt. xx, *landshlutasamtök*, kt. xx og *atvinnuþróunarfélag*, kt. xx, gera með sér svofelldan samning um framkvæmd verkefna í/á *landshluta/sveitarfélagi* sem eru hluti verkefnis Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, samkvæmt byggðaáætlun.

2. gr. Markmið samnings

Með samningnum er ætlunin að skilgreina samstarf samningsaðila varðandi framkvæmd verkefna undir hatti „Brothættra byggða“ í *landshluta/byggðarlagi*, þar með talið hlutverk og framlög hvers aðila um sig.

3. gr. Umfang verkefna

Í samningnum er gert ráð fyrir að fleiri en eitt byggðarlag í *landshluta/sveitarfélagi* geti verið þátttakendur í verkefnum samkvæmt verklagi og verkefnislýsingu Brothættra byggða á sama tíma á samningstímanum.

Þegar samningur þessi er gerður hefur þegar verið unnið að verkefnum í *byggðarlagi* um nokkurt skeið og mun vinna halda áfram samkvæmt samningi þessum jafnskjótt og hann tekur gildi (ef við á).

Um nánari skilgreiningu á samstarfi samningsaðila þessa samnings og þáttökubbyggðarlags fer í viðaukasamningum, einum fyrir hvert byggðarlag, sem gera þarf áður en verkefnisstjóri hefur störf að verkefnum tengdum viðkomandi byggðarlagi.

4. gr. Hlutverk samningsaðila

Að öðru leyti en því sem sérstaklega er getið um í þessari grein er vísað til verkefnislýsingar Byggðastofnunar um Brothættrar byggðir varðandi hlutverk aðila.

landshlutasamtök

landshlutasamtök aðstoða við gerð stöðumats, greininga og stefnumótunar eftir því sem við á. Samtökin skipa einn fulltrúa í verkefnisstjórn og fylgjast með verkefninu og styðja við það. *landshlutasamtök* sinna jafnframt einstökum verkefnum sem samtökunum eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn. Þar með talið aðstoða landshlutasamtökin sveitarfélag/byggðarlag við að nýta tækifæri sem kunna að felast í samningum við landshlutana, svo sem sóknaráætlunum.

Atvinnuþróunarfélag (ef við á, annars atvinnuráðgjöf landshlutasamtaka og fléttað saman grein um landshlutasamtök)

atvinnuþróunarfélag er samstarfsaðili í verkefninu og skipar einn fulltrúa í verkefnisstjórn. Hlutverk *atvinnuþróunarfélags* er að tengja verkefnið við atvinnulíf og frumkvöðla og aðstoða við þróun hugmynda sem kvikna í ferlinu, og aðstoða við gerð verkefnis- og viðskiptaáætlana og styrkumsókna. *atvinnuþróunarfélag* fer enn fremur með umsjón styrkveitingarferlis og greiðslu styrkja sem kunna að verða til ráðstöfunar í verkefninu um Brothættrar byggðir. *atvinnuþróunarfélag* sinnir útgreiðslum styrkja að fyrimælum verkefnisstjórnar hverju sinni. *atvinnuþróunarfélag* sinnir að auki einstökum verkefnum sem félaginu eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn í hverju byggðarlagi.

Byggðastofnun

Byggðastofnun gerir forskrift að stöðugreiningu vegna umsókna um þátttöku í verkefninu. Starfsmenn stofnunarinnar veita upplýsingar vegna greiningar, sé þess óskað. Byggðastofnun fjallar um beiðni um þátttöku í Brothættum byggðum og tekur ákvarðanir um hvort og hvenær hafist er handa við annan áfanga, stefnumótun, í því byggðarlagi sem sótt er um fyrir. Stofnunin á fulltrúa í verkefnisstjórn og sinnir einstökum verkefnum sem henni eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn. Stofnunin leiðbeinir við mat á árangri fyrir verkefnið á hverjum stað. Byggðastofnun styður við bakið á verkefnisstjórum með samráði, námskeiðum og samráðsfundum verkefnisstjóra á lands- eða svæðavísu.

Byggðastofnun er talsmaður verkefnisins Brothættar byggðir á landsvísu, gagnvart fjölmiðlum og á opinberum vettvangi.

sveitarfélag

sveitarfélag stendur straum af kostnaði vegna starfs verkefnisstjóra við verkefnið Brothættar byggðir (ef við á). Sveitarfélagið er samstarfsaðili í verkefninu í byggðarlagi innan þess og í ljósi formennsku í verkefnisstjórn í þriðja og fjórða áfanga verkefnis ber það ábyrgð á að framvinda verkefnis og framfylgd sé í samræmi við verkefnislýsingu Byggðastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir og samþykka stefnu og áætlanir verkefnisins í hverju byggðarlagi á framkvæmdatíma. Það sinnir jafnframt einstökum verkefnum sem því eru falin í aðgerðaáætlun frá ári til árs og af verkefnisstjórn.

5. gr. Verkefnisstjóri

Samkvæmt samningnum mun verða ráðinn verkefnisstjóri í fullt starf sem hefur með höndum umsýslu með verkefnum í tveimur byggðarlögum svo sem að ofan greinir. Enn fremur er gert ráð fyrir að verkefnisstjórinn starfi samkvæmt starfslýsingu sem er fylgiskjal með samningi þessum. Samkomulag er um að hvað varðar ákvarðanir og áherslur í einstökum verkefnum í hverju byggðarlagi fari samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar „Brothættra byggða“ (sbr. 3. gr.) í því sama byggðarlagi.

6. gr. Framlag samningsaðila

Samningsaðilar munu leggja til fjármuni eða aðstöðu til verkefnisins samkvæmt neðangreindu, þó í tilviki Byggðastofnunar háð framlögum á fjárlögum hvers árs samanber umfjöllun um grundvöll fremst í samningnum.

Byggðastofnun leggur verkefninu til verklag við verkefnið og tíma og ferðir utanaðkomandi ráðgjafa vegna hugsanlegra íbúáþinga, svo og tíma starfsmanna sinna vegna íbúasamráðs og vinnu og funda í verkefnisstjórnnum á árunum 20xx-20xx. Byggðastofnun leggur til fjármuni að upphæð kr. sem hluta kostnaðar við starf verkefnisstjóra (*ef við á*) og fjármuni til frumkvæðisverkefna eftir því sem fjárhagur verkefnisins í heild leyfir á hverjum tíma.

atvinnuþróunarfélag leggur til tíma og fundakostnað fyrir sinn aðila í verkefnastjórn, og vegna ráðgjafar í verkefninu. *atvinnuþróunarfélag* annast enn fremur útgreiðslu fjármuna og skýrsluhald er varðar hugsanlega verkefnastyrki á vegum verkefnisins samkvæmt samkomulagi Byggðastofnunar og *atvinnuþróunarfélags*.

landshlutasamtök sjá um kostnað fyrir sína fulltrúa sem kunna að koma að vinnu við verkefnið, sbr. verkefni sem tilgreind eru í 4. gr.

sveitarfélag leggur árlega fram fjármuni að upphæð kr. xx til að standa straum af kostnaði vegna starfs verkefnisstjóra (*ef við á*). *sveitarfélagið* sér um kostnað vegna síns eða sinna fulltrúa í verkefnisstjórnnum og stendur straum af kostnaði vegna funda að öðru leyti en vegna utanaðkomandi ráðgjafa sem Byggðastofnun sér um samkvæmt ofanrituðu.

7. gr. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

Verkefnisstjórnir einstakra verkefna, fara með ráðstöfun þeirra fjármuna sem viðkomandi verkefnum undir hatti Brothættra byggða hafa verið úthlutaðir til styrkja sbr. 6. grein en *atvinnuþróunarfélag* hefur með höndum umsýslu vegna styrkjanna í samráði við verkefnisstjórnirnar. Ráðstöfun fjármuna skal vera í samræmi við lög og reglur og skal endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri skilað til Byggðastofnunar á sama tíma og almenn reikningsskil *atvinnuþróunarfélags* fara fram vegna liðins árs. Drög að yfirliti vegna ráðstöfunar fjármuna skulu þó vera til staðar fyrir lok hvers árs, það er á sama tíma og árangur verkefnisins það sama ár er gerður upp. Verkefnisstjórn í hverju byggðarlagi getur enn fremur á hverjum tíma óskað eftir fjárhagslegu yfirliti hvað varðar það sama byggðarlag með hæfilegum fyrirvara.

8. gr. Gildistími samnings

Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi frá og með undirskrift, út gildistíma byggðaáætlunar, það er til 31. desember 2017, þó háð framlögum á fjárlögum hvers árs og því hvort í gildi sé viðaukasamningur um verkefni Brothættra byggða í einu eða fleiri byggðarlögum innan *landshluta/sveitarfélags*.

Eigi síðar en um mitt ár 2017 fara samningsaðilar yfir horfur á fjármögnun næstu ár þar á eftir og meta möguleika á framlengingu samnings þannig að hægt verði að fylgja þeim verkefnum sem þá kunna að vera í gangi til enda, samkvæmt verklýsingu Byggðastofnunar um verkefnið Brothættar byggðir. Gert er ráð fyrir að heildartími verkefnisins verði um fjögur ár, það er allt til loka árs 20xx.

Staður, dags. _____

f.h. Byggðastofnunar

f.h. sveitarfélags

f.h. atv.þróunarfélags

f.h. landshlutasamtaka

Forsnið Samnings